

Frá ritstjórum


Milli mála, ársrit Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum við Háskóla Íslands, kemur nú fyrir augu lesenda í þriðja sinn með svolítið breyttu sniði að því leyti að auk fræðigreina er einnig að finna í ársritinu nokkrar þýðingar.

Sex af þeim sjö greinum sem hér birtast fjalla um þema heftisins, sem er erlendar bókmenntir, frá ýmsum sjónarhornum. Í þeirri sjöundu segir frá rannsókn á tungumálakennslu og aðlögun innflytjenda á Norðurlöndum. Greinarnar eru skrifaðar á íslensku, ensku og ítölsku, enda hefur það verið stefna ritstjórnar frá upphafi að gefa höfundum kost á að skrifa á móður- eða kennslumáli sínu.

Ásdís R. Magnúsdóttir fjallar í grein sinni um *Útlendinginn* eftir Albert Camus og íhugar hvað í því felst að vera „útlendingur“ í því verki. Hún bendir á tengsl skáldsögu Camus við önnur skáldverk og „útlendinga“ og ber saman við Perceval og *Söguna um gralinn* eftir Chrétien de Troyes. Í grein Hólmfríðar Garðarsdóttur er fjallað um tvær skáldsögur eftir kostarísku skáldkonuna Anacristina Rossi með áherslu á minnihlutahópa og fjölmenningsamfélög á Karíbahafsströnd Kostaríku. Magnús Fjalldal segir frá hörðum ritdeilum sem upp komu á 9. áratug 19. aldar í kjölfarið á harkalegum ritdómi sem Eiríkur Magnússon skrifaði um þýðingu Matthíasar Jochumssonar á leikritinu *Óthello* eftir William Shakespeare. Martin S. Regal fjallar um hvernig skoða má aðlögun bókmenntaverka að mismunandi listformum, tímum, umhverfi og menningarheimum með því að nota hugtök úr líffræði og tekur hið 2.500 ára gamla verk *Antígónu* sem dæmi. Í grein Oddnýjar G. Sverrisdóttur segir frá ferðalýsingum tveggja þýskra kvenna, en önnur þeirra kom til Íslands um miðja 19. öld og hin í upphafi þeirrar 20. Oddný bendir á hvernig frásagnir þessara þýsku ferðalanga geta bæði gagnast í menningartengdri ferðabjónustu, sem er æ meira að ryðja sér til rúms, og dýpkað skilning okkar á okkur sjálfum sem þjóð og gestgjöfum. Stefano Rosatti fjallar um *Lezioni americane* eftir Italo Calvino, sex fyrirlestra um bókmenntir sem

hann hugðist halda í Bandaríkjunum og hafa verið taldir til hans merkustu fræðiverka. Rosatti bendir á veikleika í þessu verki Calvinos og íhugar hvers vegna það hefur notið svo mikilla vinsælda, til að mynda í háskólakennslu víða um heim.

Birna Arnbjörnsdóttir segir frá samnorrenni rannsókn á aðlögun innflytjenda og þætti símenntunar og fullorðinsfræðslu á Norður-löndum, og veltir fyrir sér hvað hefur áunnist í þeim efnum á Íslandi og hvað mætti betur fara.

Þá eru ótaldar þær þýðingar sem hér eru birtar úr frönsku, kínversku, portúgölsku og spænsku. Jón Egill Eyþórsson og Geir Sigurðsson birta þýðingar á ljóðum eftir tvö kínversk skáld, Dú Fú, sem var uppi á 8. öld, og Bei Dao, samtímamann okkar. Þó að margar aldir skilji skáldin að yrkja þau bæði um sársaukafullar afleiðingar valdabaráttu og kúgunar. Ásdís R. Magnúsdóttir þýðir smásögu eftir frönsku skáldkonuna Madame Lafayette sem var uppi á 17. öld og veitir okkur forvitnilega innsýn í veröld og siðferði franska aðalsins á þessum tíma. Loks er að nefna þýðingar úr  ritaðrar á ljóðum eftir portúgalska nóbelsverðlaunaskáldið José Saramago og ritgerð eftir argentíska skáldið og rithöfundinn Jorge Luis Borges, sem hlaut aldrei náð fyrir augum Sænsku akademíunnar en er þó talinn til fremstu rithöfunda 20. aldar.

Ritstjórar þakka starfsfólki Háskólaútgáfunnar fyrir afar gott samstarf.

Sigrún Ástríður Eiríksdóttir
Erla Erlendsdóttir